

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. mars 1990.*

F. h. r.

**Borsteinn Geirsson.**

---

*Fanney Óskarsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989

1. gr.

1.1. verði svohljóðandi:

Reglugerð þessi nær til allrar mengunar ytra umhverfis, svo og allrar starfsemi og framkvæmda, sem haft geta í för með sér slíka mengun. Undanþegin er þó starfsemi og framkvæmd sem fellur undir lög um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986, reglur um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu nr. 8/1971, reglur um varnir gegn olíumengun sjávar við olfubirgðastöðvar nr. 560/1982, reglugerð um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun nr. 356/1986 og lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum nr. 46/1980.

2. gr.

9.3. verði svohljóðandi:

Ef aðili sinnir ekki fyrirætlum heilbrigðisnefndar innan tiltekins frests, getur hún ákveðið honum dagsektir allt að kr. 100 000 á dag þar til úr er bætt.

3. gr.

Við 1. tl. í ákvæði til bráðabirgða bætist svohljóðandi málsliður:

Sama gildir um atvinnurekstur skv. viðauka 9, sem heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi.

4. gr.

2. tl. í viðauka 7 verði svohljóðandi:

2. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1990.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Páll Sigurðsson.*